



GJALDSKRÁ

nr. 121/2016 vegna hunda- og kattahalds í Skaftárhreppi

1. gr.

Hunda- og katteigendur sem búsettir eru innan þéttbýlis í Skaftárhreppi skulu greiða leyfisgjald skv. lið b. 2.gr. og 6. gr. í samþykktum nr. 970/2015 um hunda- og kattahald í Skaftárhreppi.

2. gr.

Árlegt leyfisgjald fyrir skráðan hunda er 5.500 kr. á hvern hund. Árlegt leyfisgjald fyrir skráðan kött er 5.500 kr. á hvern kött. Innifalið í leyfisgjaldinu er iðgjald ábyrgðartryggingar, skráningar og umsýslugjald.

Ormahreinsun er ekki innifalin í leyfisgjaldi

Leyfisgjöldin eru greidd fyrirfram í fyrsta sinn við skráningu hunds til næstkomandi marsmánaðar og síðan árlega fyrir 1. mars í eitt ár í senn.

3. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum skv. gjaldskrá þessari gilda almennar reglur.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er sett af Sveitarstjórn Skaftárhrepps að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar Suðurlands á grundvelli 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustu og mengunarvarnir með tilvísun til heimildar í samþykkt nr. 970/2015 um hunda- og kattahald í Skaftárhreppi og öðlast gildi við auglýsingu. Við staðfestingu gjaldskrár þessarar fellur úr gildi eldri gjaldskrá vegna hundahalds í Skaftárhreppi nr. 288/2001.

Kirkjubæjarklaustri, 14. janúar 2016

f.h. sveitarstjórnar Skaftárhrepps

Sandra Brá Jóhannsdóttir, sveitarstjóri